

Sp.

561. Fyrirspurn

[262. mál]

til landbúnaðarráðherra um könnun á búrekstraraðstöðu.

Frá Hjörleifi Guttormssyni og Margréti Frímansdóttur.

1. Hvernig miðar þeirri úttekt á búrekstraraðstöðu á öllum jörðum á landinu sem sérstök bókun var gerð um með samningi landbúnaðarráðherra og Stéttarsambands bænda 20. mars 1987?
2. Hverjir vinna að þessari könnun og til hvaða þátta tekur hún aðallega?
3. Hvað er mikið óunnið í þessari úttekt og hvenær er gert ráð fyrir að henni ljúki?